

Stjórn Strætó bs.
B.t. Magnúsar Arnar Guðmundssonar

Umsögn um ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2022

Meðal verkefna endurskoðunarnefndar Strætó bs. fyrir hönd stjórnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og hafa eftirlit með ytri endurskoðun félagsins.

Endurskoðunarnefndin átti nokkra fundi með ytri endurskoðendum, Grant Thornton endurskoðun ehf. (hér eftir GT), í tengslum við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar á samstæðu Reykjavíkurborgar og komu málefni Strætó til umræðu á þeim fundum.

Endurskoðunarnefndin fékk kynningu á drögum að ársreikningi 2022 á fundi þann 13. þ.m. Á fundinum lögðu GT fram skýrslu vegna endurskoðunar ársreiknings 2022 sem þeir kynntu fyrir endurskoðunarnefnd og stjórnendum félagsins. Í skýrslunni koma fram helstu áhersluatriði, áhættuþættir og niðurstöður endurskoðunarinnar. Málinu var frestað og tekið aftur fyrir á fundi nefndarinnar þann 16. þ.m.

Fram kemur í endurskoðunarskýrslu GT og drögum að áritun að ársreikningurinn verði áritaður fyrirvaralausri áritun þó er gerð ábending um rekstrarhæfi félagsins.

Það er álit endurskoðunarnefndar að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu fyrir stjórn.

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðunarnefndar
Lára Finnbogason